

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar í Reykjavík hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Að bifreiðastöður verði bannaðar við húsin nr. 10 við Klapparstíg og nr. 10 við Rauðarárstíg.
2. Að bifreiðastöður verði bannaðar á Ægisgötu, vestan megin götunnar, frá Vesturgötu að Túngötu.
3. Að bifreiðastöður verði bannaðar á Vesturgötu, norðan megin götunnar, frá Ægisgötu að Seljavegi.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. nóvember 1962.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING**um umferð á Akranesi.**

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Akraness hefur verið ákveðið eftirfarandi um umferð á Akranesi:

Bifreiðastöður eru bannaðar á Bárugötu frá Hafnarbraut á 35 m kafla til vestur, sunnan götunnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn á Akranesi, 26. nóvember 1962.

Þórhallur Sæmundsson.

AUGLÝSING**um breytingu á kærufresti til ríkisskattaneðndar.**

Samkv. heimild í 53. gr. laga nr. 70 frá 1962, sbr. 62. grein laga nr. 46 frá 1954, hefur ráðuneytið ákveðið, að kærufrestur til ríkisskattaneðndar út af tekju- og eignarskatti fyrir árið 1962 skuli vera til 15. desember 1962.

Fjármálaráðuneytið, 22. nóvember 1962.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Ólafur Stefánsson.